Skoðunarmaður/endurskoðandi: Birgir Strandberg, kt. 110353-7319, Álfatúni 9, 200 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er öll almenn ferðapjónusta, leiðsögn, akstur, ferðaskipulagning, ráðgjöf, tilboðsgerð og þjónusta hvers konar. Kennsla, umhirða og rekstur áhalda og tækja. Tilboðsverk og tímavinna.

Eignaumsýsla, útleiga, kaup og sala fasteigna og ökutækja. Heildsala, smásala, innflutningur, útflutningur, lánastarfsemi, rekstur fasteigna og annar skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024025795

Útgáfud.: 30. desember 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Sólvellir rekstrarfélag ehf.**

Kt.: 601224-1510.

Heimili og varnarþing: **Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 26. september 2024.

Stofnendur: Skarhólar ehf., kt. 610317-0570, Reykjavegi 96, 270 Mosfellsbær, Sólvellir 1 ehf., kt. 610317-0650, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, Icecraft ehf., kt. 480272-0489, Álafossi, 270 Mosfellsbær.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 26. september 2024.

Formaður stjórnar: Sigurjón Ásbjörnsson, kt. 210654-5859, Giljalandi 8, 108 Reykjavík. Meðstjórnendur: Erlendur Gíslason, kt. 111266-3369, Bollagörðum 24, 170 Seltjarnarnes, Ómar Inghórrson, kt. 090770-3579, Reykjavegi 96, 270 Mosfellsbær. Varastjórn: Ásbjörn Sigurjónsson, kt. 241090-2809, Lundi 14-18, 200 Kópavogur.

Firmað ritar: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Hrund Rudolfsdóttir, kt. 250369-2989, Dreka­vogi 14, Reykjavík.

Prókúruumboð: Sigurjón Ásbjörnsson, Hrund Rudolfsdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 600.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er mótun, skipulag og uppbygging jarðahluta. Einnig kaup, sala, eignarhald, þróun og rekstur lóða, kaup og sala fasteigna, verðbréfa, eignarhluta og lánastarfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024025796

Útgáfud.: 30. desember 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Aþena menntatækni ehf.**

Kt.: 571224-2590.

Heimili og varnarþing: **Kirkjustíg 1B, 735 Eskifjörður.**

Dagsetning samþykktar er: 14. desember 2024.

Stofnendur: Guðrún Björg Ragnarsdóttir, kt. 181270-2929, Blönduhlíð 9, 105 Reykjavík, Gunnar Thor Örnólfsson, kt. 020594-2689, Hringbraut 43, 101 Reykjavík, Anna Björg Sigurðardóttir, kt. 220469-4419, Kirkjustíg 1B, 735 Eskifjörður.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 14. desember 2024.

Stjórnarmaður: Gunnar Thor Örnólfsson. Varastjórn: Anna Björg Sigurðardóttir, Guðrún Björg Ragnarsdóttir.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Anna Björg Sigurðardóttir.

Prókúruumboð: Anna Björg Sigurðardóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Katrín Helga Reynisdóttir, kt. 291159-7969, Kársnesbraut 127, 200 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er þróun og smíði hugbúnaðar til lestrargreiningar og lestrarþjálfunar, ráðgjöf og fræðsla, auk gagnasöfnunar og gagnagreiningar.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024025797

Útgáfud.: 30. desember 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Kliður ehf.**

Kt.: 581224-1170.

Heimili og varnarþing: **Holtsgötu 5, 101 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 16. desember 2024.

Stofnendur: Markús Bjarnason, kt. 100794-3069, Holtsgötu 5, 101 Reykjavík, Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir, kt. 031095-2399, Holtsgötu 5, 101 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 16. desember 2024.

Formaður stjórnar: Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir. Meðstjórnandi: Markús Bjarnason.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Markús Bjarnason.

Prókúruumboð: Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir, Markús Bjarnason.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Rýni endurskoðun ehf., kt. 610909-1080, Síðumúla 23, 108 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur er að búa til og selja listaverk og listmuni, rekstur fasteigna, kaup og sala verðbréfa, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024025798

Útgáfud.: 30. desember 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Laugarseiði ehf.**

Kt.: 561224-0800.

Heimili og varnarþing: **Grandagarði 16, 101 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 18. nóvember 2024.

Stofnendur: Peter Andrew Rippin, kt. 230573-3449, Bretland.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 18. nóvember 2024.

Formaður stjórnar: Peter Andrew Rippin. Meðstjórnandi: Jóhann Davíð Snorrason, kt. 090671-3409, Úthlíð 16, 105 Reykjavík.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Framkvæmdastjórn: Jóhann Davíð Snorrason.

Prókúruumboð: Peter Andrew Rippin, Jóhann Davíð Snorrason.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Kapital Ráðgjöf ehf., kt. 591120-1070, Flókagötu 65, 105 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 4.000.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er rekstur á seiðaeldisstöð, fiskirækt og önnur tengd þjónusta.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024025799)

Útgáfud.: 30. desember 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **Medisa ehf.***Kt.:* 601224-0620.*Heimili og varnarþing:* **Eskihlíð 14A, 105 Reykjavík.***Dagsetning samþykktar er:* 16. desember 2024.*Stofnendur:* Arnar Hafsteinsson, kt. 290372-4889, Eskihlíð 14A, 105 Reykjavík, Arndís Ágústsdóttir, kt. 220174-6039, Eskihlíð 14A, 105 Reykjavík.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 16. desember 2024.*Formaður stjórnar:* Arnar Hafsteinsson. *Meðstjórnandi:* Arndís Ágústsdóttir.*Firmað ritar:* Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.*Framkvæmdastjórn:* Arndís Ágústsdóttir.*Prókúruumboð:* Arnar Hafsteinsson, Arndís Ágústsdóttir.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Árni Ólafur Hjartarson, kt. 230163-3329, Drangakór 1, 203 Kópavogur.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er að þróa brakket sem ætlað er til notkunar á sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.**

(2024025800)

Útgáfud.: 30. desember 2024

Stefna - til greiðslu skuldar**Aðilar málsins eru:****Stefnandi:** Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, Reykjavík.**Stefndi:** Ryan Mikel Farquhar, kt. 170185-4209, Aldrei haft lögheimili á Íslandi.*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Davíð Blöndal Þorgeirsson, lögmaður, rekur mál þetta f.h. stefnanda.*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 87.766, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af kr. 12.538 frá 3.6.2023 til 2.7.2023, af kr. 25.076 frá 2.7.2023 til 2.8.2023, af kr. 37.614 frá 2.8.2023 til 2.9.2023, af kr. 50.152 frá 2.9.2023 til 2.10.2023, af kr. 62.690 frá 2.10.2023 til 1.11.2023, af kr. 75.228 frá 1.11.2023 til 3.12.2023, af kr. 87.766 frá 3.12.2023 til greiðsludags.*Krafist er staðfestingar á lögveðsrétti stefnanda í íbúð stefnda að Klapparstíg 28, F236-0696 til tryggingar á skuld stefnda að fjárhæð kr. 87.766 auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af kr. 12.538 frá 3.6.2023 til 2.7.2023, af kr. 25.076 frá 2.7.2023 til 2.8.2023, af kr. 37.614 frá 2.8.2023 til 2.9.2023, af kr. 50.152 frá 2.9.2023 til 2.10.2023, af kr. 62.690 frá 2.10.2023 til 1.11.2023, af kr. 75.228 frá 1.11.2023 til 3.12.2023, af kr. 87.766 frá 3.12.2023 til greiðsludags.**Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.**Málsatvik og málsástæður:* Stefnandi er sveitarfélagið Reykjavíkurborg sem veitir ýmis konar þjónustu í tengslum við starfsemi sína. Stefndi er þinglýstur eigandi íbúðar að Klapparstíg 28, F236-0696. Ofangreind

dómkrafa stefnanda er tilkomin vegna ógreiddra fasteignagjalda frá árinu 2023, nánar tiltekið yfir tímabilið júní til desember, sem stefnda ber að greiða vegna áður nefndrar fasteignar sinnar.

Krafa stefnanda er byggð á:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð
1	3.6.2023	3.6.2023	12.538
2	2.7.2023	2.7.2023	12.538
3	2.8.2023	2.8.2023	12.538
4	2.9.2023	2.9.2023	12.538
5	2.10.2023	2.10.2023	12.538
6	1.11.2023	1.11.2023	12.538
7	3.12.2023	3.12.2023	12.538

Stefnufjárhæð nemur samtölu reikningsfjárhæða, alls kr. 87.766. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir. Af þeim sökum er stefnanda nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár hefur stefndi aldrei haft lögheimili á Íslandi og ekki er nánar vitað um heimilisfang hans. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til kostnaðar sem stefnandi hefur orðið fyrir vegna innheimtu skuldarinnar, sem stofnaðist til áður en hún var send í löginnheimtu, í samræmi við 12. gr. innheimtulaga nr. 95/2008.

Lagatilvísanir: Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum og þá sérstaklega 1. mgr. 6. gr. laganna.

Kröfum sínum til stuðnings vísar stefnandi til ákvæða laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, einkum 3. og 7. gr. laganna.

Krafa um að tekið verði tillit til áfallins innheimtukostnaðar styðst við ákvæði 7. gr. og 12. gr. laga nr. 95/2008.

Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 34. gr. laga nr. 91/1991 og um birtingu stefnu vísast til a. liðar 1. mgr. 89. gr. sömu laga.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin dómskjöl nr. 1-3, til sönnunar kröfum sínum:

Stefna þessi, skrá og álagning fasteignagjalda 2023.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til frekari gagnaöflunar og framlagningar sem og til að koma að frekari málsástæðum og atvikum á síðari stigum, allt eftir því sem varnir stefnda gefa tilefni til.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á Ryan Mikel Farquhar, kt. 170185-4209, Aldrei haft lögheimili á Íslandi, að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, þann 30. janúar 2025, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn.

Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins getur stefndi átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart sér með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 30 sólarhringar.

Reykjavík, 20. desember 2024.

F. h. stefnanda,

Davíð Blöndal Þorgeirsson lögmaður.

(2024025765

Útgáfud.: 2. janúar 2025

Stefna til ógildingar á veðskuldabréfi

Starfandi dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur,**Björn L. Bergsson,**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Gunnar Ingi Jóhannsson hrl., MAGNA lögmönnum, Höfðabakka 9, Reykjavík, að hann þurfi f.h. Rafns Magnúsar Hjaltasonar, kt. 300666-3459, Haukdælabraut 108, Reykjavík, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á veðskuldabréfi.

I. Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þá dómkröfu að ógilt verði með dómi veðskuldabréf með skjalnr. 411-T-010312/2008, útgefið í Reykjavík hinn 22. október 2008 af Vigdís Haralbsdóttur, kt. 290666-5629, til stefnanda Rafns Magnúsar Hjaltasonar, kt. 300666-3459, nú til heimilis að Haukdælabraut 108, Reykjavík, upphaflega að fjárhæð kr. 1.300.000, tryggt með 2. veðrétti í fasteigninni að Hlíð 13, fastanr. 2086346, Kjósahreppi, ásamt lóðarréttindum og öllu því sem fylgir og fylgja ber.

II. Málsástæður og önnur atvik máls: Stefnandi kveður helstu málsatvik vera þau að hinn 22. október 2008 hafi Vigdís Haralbsdóttir, kt. 290666-5629, gefið út veðskuldabréf til stefnanda að fjárhæð 1.300.000 kr. Gjaldþagi veðskuldabréfsins var ákveðinn tveimur mánuðum eftir útgáfudag eða 20. desember 2008. Bréfið var tryggt með 2. veðrétti í fasteigninni að Hlíð 13, Kjósahreppi, F2086343, sem er sumarhús, sbr. dskj. 2.

Stefnandi var eigandi fasteignarinnar og seldi á sínum tíma tilgreindum skuldara Vigdís Haralbsdóttur og Fabio Patrizi, hvoru um sig helming fasteignarinnar, sbr. dskj. 3. Var útgáfa veðskuldabréfsins gerð í tengslum við þau viðskipti, til tryggingar réttum efndum kaupenda eignarinnar. Ómótmælt er af hálfu stefnanda að engin krafa stendur lengur á bak við bréfið og er það löngu uppgreitt. Bréfinu var hins vegar ekki aflýst á sínum tíma eftir að skuldari efndi skuldbindingu sína samkvæmt bréfinu.

Umrædd fasteign er enn í helmingseigu hvors um sig, Vigdísar Haralbsdóttur og Fabio Patrizi. Þau eru nú í sölufarli með eignina og hefur kauptilboð í hana verið samþykkt. Við sölufarlið kom á daginn að frumrit veðskuldabréfsins frá 2008 hafði aldrei verið afhent til aflýsingar á sínum tíma.

Núverandi eigendur eignarinnar leituðu í tengslum við yfirstandandi kaupsamningsferli til stefnanda um að afhenda frumrit veðskuldabréfsins til aflýsingar. Frumrit bréfsins hefur hins vegar ekki fundist þrátt fyrir mikla leit. Telur stefnandi raunar að frumritið sé glatað og muni ekki finnast. Til þess að afmá veðskuldabréfið af eigninni þarf því að höfða mál til að fá það ógilt.

Í ljósi framangreinds telur stefnandi nauðsynlegt að höfða ógildingarmál þetta um bréfið, svo því megi aflýsa af eigninni.

III. Tilvísun til helstu lagaákvæða og réttarreglna: Stefnandi kveðst vísa til XVIII. kafla laga, nr. 91/1991, um meðferð einkamála, einkum 120. og 121. gr. Um varnarþing er vísað til 2. tölul. 120. gr. laga nr. 91/1991. Um heimild til útgáfu ógildingardómsstefnu er vísað til 1. mgr. 120. gr., um birtingu stefnu í Lögbirtingablaði er vísað til c-liðar 1. mgr. 89. gr. og um stefnufrest til 3. mgr. 91. gr. sömu laga.

IV. Skjöl og sönnunargögn: Stefnandi kveðst leggja fram eftirtalin sönnunargögn við þingfestingu málsins:

1. Frumrit ógildingardómsstefnu.
2. Afrit tryggingabréfs, útg. 13. október 2019.
3. Afsal um fasteignina Hlíð 13, dags. 20. október 2008.
4. Veðbandayfirlit yfir fasteignina Hlíð 13, Kjósahreppi.
5. Afrit auglýsingar úr Lögbirtingablaði.

V. Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102, dómhúsinu við Lækjartorg, 101 Reykjavík, fimmtudaginn 6. febrúar 2025, kl. 10.00, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki lögð fram í dóm, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til bréfsins og mótmæla framangreindum kröfum. Að öðrum kosti má búast við því að ógildingardómur gangi í málinu í samræmi við kröfur stefnanda. Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 19. desember 2024.

Björn L. Bergsson

starfandi dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur.

(2025000016

Útgáfud.: 6. janúar 2025

Stefna til - greiðslu skuldar**Menntasjóður námsmanna,
kt. 710169-0989,****Borgartúni 21, Reykjavík,**

gjörir kunnugt: Að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Valgerður O. Steingrímsdóttir, kt. 220668-3639, Spáni.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 4.538.569 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 145.023 frá 1. mars 2021 til 1. mars 2022, af kr. 297.071 frá 1. mars 2022 til 12. ágúst 2022, af kr. 4.538.569 frá 12. ágúst 2022 til greiðsludags. Kröfunúmer: 1012-220022.

Að auki er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu, að viðbættum virðisaukaskatti, að mati réttarins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Undirritaður lögmaður, Hildur Þórarinsdóttir., Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirvarsmaður stefnanda er Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri stefnanda, með starfstöð að Borgartúni 21, Reykjavík.

Málavextir og málsástæður: Fjárfraða máls þessa er til komin vegna námsláns stefndu, sem hún fékk greitt út hjá stefnanda á árunum 2003-2004. Í samræmi við lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna er giltu þegar lánið var tekið gaf stefnda af því tilefni út skuldabréf nr. R-041751 þann 17. nóvember 2002 þar sem hún undirritaði skilmála lánsins, sem einnig eru í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1992. Lánið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en verðtrygging lánsins reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar eftir að greiðsla fer fram. Lánið ber breytilega vexti sem eru 0,4% samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 478/2011 um Lánasjóð íslenskra námsmanna og reiknast frá námslokum, sem samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð að hálfu stefnanda. Endurgreiðsla lánsins hefst tveimur árum eftir námslok lántakanda, sem í því tilviki sem hér um ræðir voru þann 18.05.2004. Jafnframt veitti stefnda stefnanda heimild til þess að fylla út samanlagða fjárhæð lánsins og grunnvísitölu inn á skuldabréfið við námslok, í samræmi við ákvæði þágildandi laga nr. 21/1992. Við útfyllingu skuldabréfsins nam heildarfjárhæðin 2.316.926 krónum miðað við grunnvísitölu 232,0.

Um endurgreiðslu á láninu fer skv. þágildandi lögum nr. 21/1992, ásamt síðari breytingum. Endurgreiðslan hefst tveimur árum eftir námslok lántakanda. Árleg endurgreiðsla skuldabréfsins ákvarðast í tvennu lagi, þ.e. annars vegar er föst ársgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem tekur breytingum í hlutfalli við neysluvísitölu og hins vegar er tekjutengd ársgreiðsla með gjalddaga 1. september ár hvert, sem er ákveðið hlutfall af útsvarsstofni lánþega árið á undan, að frádreginni föstu greiðslunni.

Fyrsti gjalddagi lánsins var 30. júní 2006 en stefnda fékk undanþágur frá afborgunum árin 2007-2013 og árin 2018-2021 annars vegar frá tekjutengdum eða föstum afborgunum. Afborganir lánsins hafa verið í vanskilum frá gjalddaga 1. mars 2021. Samkvæmt heimild í skuldabréfinu sjálfu, og svo sem leiðir af fyrrgreindum lögum nr. 21/1992 og almennum reglum kröfuréttarins, var lánið gjaldfellt þann 12. júlí 2022 vegna verulegra vanskila stefndu en þá voru gjaldfallnar afborganir samtals að fjárhæð 297.071 krónur, en eftirstöðvar lánsins voru þá 4.241.498 krónur miðað við vísitölu 539,5 og 0,4% vexti.

Nánari sundurliðun stefnukröfunnar er sem hér segir:

Gjaldfallin afborgun	dags. 01.03.2021	kr. 145.023
	dags. 01.03.2022	kr. 152.048
<i>Samtals</i>		<i>kr. 297.071</i>
Gjaldfallnar eftirstöðvar		kr. 4.241.498
Samtals		kr. 4.538.569

Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur er stefna þessi nauðsynleg.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar, sbr. b-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefnanda er búsett á Spáni samkvæmt Þjóðskrá Íslands. Skráð heimilisfang stefndu hjá stefnanda er: Pablo Picasso 5, póstbox 90, 03189 Orihuela, Valencia en stefna sem fyrirhugað var að þingfesta þann 16. maí 2024 var þýdd og send í birtingu til sýslumannsins á Suðurnesjum í gegnum Haag samninginn frá 15. nóvember 1965. Beiðnin um birtinguna var móttækin hjá sýslumanninum þann 8. september 2023. Beiðnin var send til miðstjórnarvalds Spánar þann 10. nóvember 2023 og var seinasti birtingafrestur 16. apríl 2024 en embætti sýslumanns hefur ekki borist birtingin til baka innan stefnufrestsins. Því á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnuna í Lögbirtingablaði.

Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess kostnaðar sem hefur hlotist af þýðingu stefnunnar vegna birtingar hennar á hendur stefndu á Spáni auk kostnaðar af stefnubirtingu að því leyti sem hann reynist hærri en almennt er hér á landi. Gögn vegna þess kostnaðar verða lögð fram við þingfestingu málsins.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 laga um meðferð einkamála. Stefnandi vísar til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna sem og til útgefinna reglugerða og úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna, sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Frumrit skuldabréfs nr. R-041751.
4. Yfirlit yfir útborganir lánsins.
5. Upplýsingar um námslok.
6. Yfirlit yfir stöðu lánsins.
7. Yfirlit yfir skuldabréf.
8. Yfirlit yfir gjalddaga/greiðsluáætlun láns.
9. Innheimtuviðvörðun.
10. Tilkynning um gjaldfellingu lánsins
11. Yfirlit yfir undanþágur.
12. Reikningur vegna þýðingar stefnu.
13. Upplýsingar um heimilisfang stefndu á Spáni hjá stefnanda.
14. Staðfesting frá sýslumanninum á Suðurnesjum um stefnubirtingu á Spáni þann 6. desember 2024.
15. Afrit af þýddri stefnu sem þingfesta átti þann 16. maí 2024.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefndu tilefni til.

Áskorun og fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með stefndu, til þess að mæta, er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 13. febrúar 2025, kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 10. desember 2024.
F.h. Hildar Þórarinsdóttur lögmanns,
Dagbjört Hauksdóttir lögfræðingur.

Útgáfud.: 6. janúar 2025

Stefna til greiðslu skuldar**Menntasjóður námsmanna,****kt. 710169-0989,****Borgartúni 21, Reykjavík,***gerir kunnugt:* að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Arnaldur Haukur Ólafsson, kt. 270471-3669, Frakkland.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 2.726.263 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 160.370 frá 1. september 2021 til 1. september 2022, af kr. 228.459 frá 1. september 2022 til 1. mars 2023, af kr. 394.704 frá 1. mars 2023 til 25. júní 2023, af kr. 2.725.802 frá 25. júní 2023 til greiðsludags. Kröfunúmer: 1016-220081.

Að auki er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda, að mati dómsins eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Hildur Þórarinsdóttir, Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirsvarsmaður stefnanda er Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri stefnanda, með starfsstöð að Borgartúni 21, Reykjavík.

Málavextir og málsástæður: Fjárfraða máls þessa er tilkomin vegna námsláns stefnda, sem hann fékk greitt út hjá stefnanda á árunum 2005-2006. Í samræmi við lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna er giltu þegar lánið var tekið gaf stefndi af því tilefni út skuldabréf nr. G-065080 þann 21. desember 2005 þar sem hann undirritaði skilmála lánsins, sem einnig eru í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1992. Lánið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en verðtrygging lánsins reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar eftir að greiðsla fer fram. Lánið ber breytilega vexti sem eru 0,4% samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda og reiknast frá námslokum, sem samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð að hálfu stefnanda. Endurgreiðsla lánsins hefst tveimur árum eftir námslok lánþakanda, sem í því tilviki sem hér um ræðir voru þann 30.06.2006. Jafnframt veitti stefndi stefnanda heimild til þess að fylla út samanlagða fjárhæð lánsins og grunnvísitölu inn á skuldabréfið við námslok, í samræmi við ákvæði þágildandi laga nr. 21/1992. Við útfyllingu skuldabréfsins nam heildarfjárhæð umrædds láns 2.712.911 krónum miðað við grunnvísitölu 258,9.

Um endurgreiðslu á láninu fer samkvæmt þágildandi lögum nr. 21/1992, ásamt síðari breytingum. Árleg endurgreiðsla lánsins ákvarðast í tvennu lagi, þ.e. annars vegar er föst árgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem tekur breytingum í hlutfalli við vísitölu neysluverðs og hins vegar er tekjutengd árgreiðsla með gjalddaga 1. september ár hvert, sem er ákveðið hlutfall af tekjustofnilánþega árið á undan, að frádreginni föstu greiðslunni.

Valgerður Þorsteinsdóttir tók á hendur sér sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins með undirritun á ofangreint skuldabréf þann 21. desember 2005, fyrir fjárhæð allt að fjárhæð krónur miðað við grunnvísitölu 258,9. Þá tók ábyrgðin til greiðslu vaxta, verðbóta, dráttarvaxta og alls kostnaðar ef vanskil verða. Henni er ekki stefnt í máli þessu.

Fyrsti gjalddagi lánsins var 30. júní 2008 en afborganir lánsins hafa verið í vanskilum frá 1. september 2021. Samkvæmt heimild í skuldabréfinu sjálfu, og svo sem leiðir af fyrrgreindum lögum nr. 21/1992 og almennum reglum kröfuréttarins, var lánið gjaldfellt þann 25. maí 2023 vegna verulegra vanskila stefnda en þá voru gjaldfallnar afborganir samtals að fjárhæð 394.704 krónur, en eftirstöðvar lánsins voru þá 2.331.098 krónur uppreiknað miðað við vísitölu þann dag 580,7 og 0,4% vexti.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjaldfallnar afborganir	dags. 1.9.2021	kr. 160.370
	dags. 1.9.2022	kr. 68.089

	dags. 1.3.2023	kr. 166.245
Samtals		kr. 394.704
Gjaldfallnar eftirst.		kr. 2.331.098
Samtals eftirst.		kr. 2.725.802

Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur er stefna þessi nauðsynleg.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar, sbr. b-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefndi er búsettur í Frakklandi samkvæmt Þjóðskrá Íslands. Skráð heimilisfang stefnda hjá stefnanda er: 5 Rue Font Marin, 34470 Pérols, Frakkland en stefna sem fyrirhugað var að þingfesta þann 16. maí 2024 var þýdd og send í birtingu til sýslumannsins á Suðurnesjum í gegnum Haag samninginn frá 15. nóvember 1965. Beiðnin um birtinguna var móttækin hjá sýslumanninum þann 3. október 2023. Beiðnin var send til miðstjórnarvalds Frakklands þann 08.11.2023 og var seinasti birtingafrestur 16. apríl 2024 en embætti sýslumannsins á Suðurnesjum hefur ekki borist birtingin til baka innan stefnufrestsins. Því á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnuna í Lögbirtingablaði.

Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess kostnaðar sem hefur hlotist af þýðingu stefnunnar vegna birtingar hennar á hendur stefnda í Frakklandi auk kostnaðar af stefnubirtingu að því leyti sem hann reynist hærri en almennt er hér á landi. Gögn vegna þess kostnaðar verða lögð fram við þingfestingu málsins.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

Lagarök:

Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi vísar til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna sem og til útgefinna reglugerða og úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því er nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefnda.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Frumrit skuldabréfs nr. G-065080.
4. Yfirlit yfir útborganir lánsins og upplýsingar um námslok.
5. Greiðsluyfirlit dags. 25. maí 2023.
6. Yfirlit yfir stöðu lánsins dags. 25. maí 2023.
7. Yfirlit yfir skuldabréf dags. 25. maí 2023.
8. Innheimtuviðvörðun dags. 23. apríl 2021.
9. Innheimtubréf dags. 29. mars 2022.
10. Tilkynning um gjaldfellingu dags. 25. maí 2023.
11. Upplýsingar um heimilisfang stefnda í Frakklandi.
12. Reikningur vegna þýðingar stefnu dags. 30. september 2023.
13. Upplýsingar um stefnubirtingu hjá sýslumanninum á Suðurnesjum dags. 6. desember 2024.
14. Afrit af þýddri stefnu sem þingfesta átti þann 16. maí 2024.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefnda tilefni til.

Áskorun og fyrirkall: Hér með stefnist því stefnda til þess að mæta er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 13. febrúar 2025 kl. 10.00

árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 10. desember 2024.
F. h. Hildar Þórarinsdóttur lögmanns,
Dagbjört J. Hauksdóttir lögfræðingur.

(2025000725

Útgáfud.: 23. desember 2024

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 20. desember 2024 síðastliðinn í máli nr. L-7691/2024, var Dagur Guðbergsson, kt. 170791-2749, sviptur lögræði tímabundið í eitt ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 23. desember 2024.
Barbara Björnsdóttir héraðsdómari.

(2024025659

Útgáfud.: 2. janúar 2025

Listi yfir forstöðumenn skv. 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 með síðari breytingum.

Í 1. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 með síðari breytingum eru taldir upp í 14 töluliðum þeir sem teljast embættismenn samkvæmt lögnum. Í 2. mgr. segir að ráðherra skeri úr því hvaða starfsmenn falli undir 13. tölulið þessarar greinar, þ.e. forstöðumenn ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja sem ekki eru taldir sérstaklega upp í 1. - 12. og 14. tölulið. Jafnframt segir að ráðherra skuli fyrir 1. febrúar ár hvert birta í Lögbirtingablaði lista yfir þá starfsmenn.

Listinn fyrir árið 2025 er svohljóðandi:

Dómsmálaráðuneytið:

Forstjóri Landhelgisgæslu Íslands
Forstjóri Persónuverndar
Framkvæmdastjóri landskjörstjórnar
Héraðssaksóknari

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið:

Forstjóri Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála.
Framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu.
Forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins
Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins
Forstjóri Vinnumálastofnunar
Forstjóri Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga
Umboðsmaður skuldara

Fjármála- og efnahagsráðuneytið:

Fjársýslustjóri
Forstjóri Afengis- og tóbaksverslunar ríkisins
Forstjóri Framkvæmdasýslu-Ríkiseigna

Forsætisráðuneytið:

Hagstofustjóri
Seðlabankastjóri Seðlabanka Íslands

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið:

Forstjóri Fjarskiptastofu
Forstjóri Hugverkastofunnar
Forstjóri Nýsköpunarsjóðsins Kríu
Forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum
Frankvæmdastjóri Menntasjóðs námsmanna
Rektor Háskóla Íslands
Rektor Háskólans á Akureyri
Rektor Hólaskóla – Háskólans á Hólum
Rektor Landbúnaðarháskóla Íslands

Heilbrigðisráðuneytið:

Forstjóri Geislavarna ríkisins
Forstjóri Landspítalans
Forstjóri Lyfjastofnunar
Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands
Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands
Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands
Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja
Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða
Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands
Forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
Forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri
Forstjóri Sjúkratryggingastofnunar
Forstjóri Heymar- og talmeinastöðvar Íslands
Landlæknir

Innviðaráðuneytið:

Forstjóri Bygðastofnunar
Forstjóri Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar
Forstjóri Samgöngustofu
Forstjóri Skipulagsstofnunar
Forstjóri Vegagerðarinnar
Forstjóri Þjóðskrár Íslands
Rekstrarstjóri rannsóknarnefndar samgönguslysa

Matvælaráðuneytið:

Fiskistofustjóri
Forstjóri Matvælastofnunar
Forstöðumaður Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna
Forstöðumaður Lands og skógar
Forstöðumaður Verðlagsstofu skiptaverðs

Menningar- og viðskiptaráðuneytið:

Ferðamálastjóri
Forstjóri Neytendastofu
Forstjóri Samkeppniseftirlitsins
Forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands
Forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands
Forstöðumaður Kvikmyndasafns Íslands
Forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlaustra og heyrnarskertra
Forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Frankvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar
Landsbókavörður
Listdansstjóri Íslenska dansflokksins
Safnstjóri Listasafns Íslands

Safnstjóri Náttúruminjasafns Íslands
Þjóðleikhússtjóri
Þjóðminjavörður
Þjóðskjalavörður

Mennta- og barnamálaráðuneytið:

Forstjóri Barna- og fjölskyldustofu
Forstjóri Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu
Forstöðumaður Ráðgjafar- og greiningarstöðvar
Skólameistari Borgarholtsskóla
Skólameistari Flensborgarskóla
Skólameistari Fjölbrautaskólans við Ármúla
Skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti
Skólameistari Fjölbrautaskólans í Garðabæ
Skólameistari Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra
Skólameistari Fjölbrautaskóla Snæfellinga
Skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands
Skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja
Skólameistari Fjölbrautaskóla Vesturlands
Skólameistari Framhaldsskólans á Húsavík
Skólameistari Framhaldsskólans á Laugum
Skólameistari Framhaldsskólans í Mosfellsbæ
Skólameistari Framhaldsskólans í A-Skaftafellssýslu
Skólameistari Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum
Skólameistari Kvennaskólans í Reykjavík
Skólameistari Menntaskólans að Laugarvatni
Skólameistari Menntaskólans á Akureyri
Skólameistari Menntaskólans á Egilsstöðum
Skólameistari Menntaskólans á Ísafirði
Skólameistari Menntaskólans á Tröllaskaga
Skólameistari Menntaskólans í Kópavogi
Skólameistari Menntaskólans í Reykjavík
Skólameistari Menntaskólans við Hamrahlíð
Skólameistari Menntaskólans við Sund
Skólameistari Verkmenntaskóla Austurlands
Skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið:

Forstjóri Íslenskra orkurannsókna
Forstjóri Náttúruverndarstofnunar
Forstjóri Náttúrufræðistofnunar
Forstjóri Umhverfis- og orkustofnunar
Framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs
Forstjóri Veðurstofu Íslands
Forstöðumaður Minjastofnunar Íslands

Fjármála- og efnahagsráðuneytið, 10. desember 2024.
F. h. r.

Jökull Heiðdal Úlfsson.
Björn Rögnvaldsson.

(2025000326

Útgáfud.: 30. desember 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Laugaping ehf.**

Kt.: 601224-1780.

Heimili og varnarþing: **Smáratorgi 3, 201 Kópavogur.**

Dagsetning samþykktar er: 16. desember 2024.

Stofnendur: P107 ehf., kt. 690617-0720, Bergstaðastræti 86, 101 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 16. desember 2024.

Formaður stjórnar: Jóhann Guðlaugur Jóhannsson, kt. 310164-3569, Bergstaðastræti 86, 101 Reykjavík.
Meðstjórnandi: Pálmar Harðarson, kt. 030571-3129, Breiðakri 9, 210 Garðabær. Varastjórn: Guðrún Elsa Gunnarsdóttir, kt. 211068-4699, Stóragerði 17, 108 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Guðrún Elsa Gunnarsdóttir.

Prókúruumboð: Jóhann Guðlaugur Jóhannsson, Guðrún Elsa Gunnarsdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Lúðvík Þráinsson, kt. 311073-3549, Vesturvangi 11, 220 Hafnarfjörður.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Kaup og sala á fasteignum, útleiga atvinnuhúsnæðis.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2024025772

Útgáfud.: 30. desember 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Omni Capital ehf.**

Kt.: 571224-1860.

Heimili og varnarþing: **Birkigrund 47, 200 Kópavogur.**

Dagsetning samþykktar er: 2. desember 2024.

Stofnendur: Þórður Hólm Hálfðánarson, kt. 170504-2240, Birkigrund 47, 200 Kópavogur.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 2. desember 2024.

Stjórnarmaður: Þórður Hólm Hálfðánarson. Varastjórn: Ragnheiður Kara Hólm Örnudóttir, kt. 230799-2109, Birkigrund 47, 200 Kópavogur.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Þórður Hólm Hálfðánarson.

Prókúruumboð: Þórður Hólm Hálfðánarson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Gunnar Karl Thoroddsen, kt. 091004-2080, Stigahlíð 53, 105 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er kaup, sala, eignarhald og viðskipti með hlutabréf, hluti í félögum, önnur verðbréf, eign, leiga og rekstur fasteigna, önnur fjármálastarfsemi, inn- og útflutningur, iðnaður, verslunarstarfsemi, umboðsviðskipti, eignarhald og leiga á vörumerkjum, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2024025773

Útgáfud.: 30. desember 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Bílrúðupjónustan Reykjanesbæ ehf.**

Kt.: 561224-1100.

Heimili og varnarþing: **Grófinni 15C, 230 Reykjanesbær.**

Dagsetning samþykktar er: 10. desember 2024.

Stofnendur: Haukur Hauksson, kt. 040382-5779, Grjótási 5, 260 Reykjanesbær.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 10. desember 2024.

Stjórnarmaður: Haukur Hauksson. Varastjórn: Birgitta Brynjúlfsdóttir, kt. 031183-3089, Grjótási 5, 260 Reykjanesbær.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Haukur Hauksson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Guðni Þór Gunnarsson, kt. 041171-3679, Tunguvegi 5, 260 Reykjanesbær.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er rekstur bifreiðaverkstæðis, kaup og sala á bifreiðavarahlutum, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2024025774

Lögbirtingablað,
3. tölublað 2025.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,
Kristín Þórðardóttir.